

Kæru MH-ingar – sent 26. September 2024

Ég sendi þennan póst til þess að minna ykkur á jafnréttis- og samskiptaráðgjöfina sem ykkur býðst hérna í skólanum :)

Kíkið endilega til mín ef þið lendið í krefjandi samskiptum, hvort sem það er hérna í skólanum eða símanum - ég get veitt ykkur leiðsögn og þannig hjálpað ykkur að tækla aðstæður.

Ég veiti líka allskonar ráðgjöf í tengslum við jafnréttismál, t.d. um rétta notkun persónufornafna, ráðgjöf þegar skólafélagi kemur út úr skápnum, vangaveltur varðandi kynhneigð eða kynvitund, aðstoð vegna öraráreitni, krefjandi skólafélaga eða kennara, leiðbeiningar varðandi samþykki og mörk í kynferðislegum og aðstoð vegna mismununar í skólaumhverfinu. Svo fátt eitt sé nefnt!

Ég er í Fólkvangi - það er litla viðtalsherbergið sem er staðsett innst á sama gangi og námsráðgjafarnir. Ykkur er velkomið að reka inn nefið án fyrirvara en það er líka sniðugt að senda mér línu á karen@mh.is og athuga hvenær ég er laus.

Hljýjar kveðjur,

Karen